

SJÓR Sund- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur

Aðalfundargerð 2024

Þriðjudaginn 19. mars 2024 kl. 19:00

Haldinn í húsi Sportkafarafélags Íslands, Nauthólsvegi 102, Rvk.

1. Fundarsetning

Fundur settur kl. 19:00.

Mættir eru: María Bára Jónatansdóttir, Berit G Kristjánsdóttir, Aðalbjörg Sif Kristinsdóttir, Arnar Þorsteinsson, Sigurður Snorri Kristjánsson, Erna Héðinsdóttir, Ingibjörg Ingvadóttir, Valdimar P Halldórsson, Magnea Hilmarsdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Heiðrún Hauksdóttir.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Herdís kosin fundarstjóri, Valdimar kosinn fundarritari og var það samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar

Herdís las skýrslu stjórnar.
Skýrsla stjórnar samþykkt.

4. Stjórn leggur fram skoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu

Lagður var fram skoðaður ársreikningur 2023 og farið yfir niðurstöður hans. Niðurstaða rekstrar ársins var jákvæð sem nemur kr. 301.075 og eigið fé í árslok var kr. 1.835.470.

5. Umræður um skýrslur og reikninga

Reikningar félags skoðaðir og ræddir.
Ársreikningur samþykktur.

6. Kosning formanns

Herdís sitjandi formaður býður sig fram og er kosin til 2ja ára.

7. Kosning stjórnar og varastjórnar

Fjórir sitja í stjórn og tveir í varastjórn.

Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

Erna Héðinsdóttir og Valdimar P Halldórsson kosin áfram til 2ja ára.

Ingibjörg Ingvadóttir og Magnea Hilmarsdóttir halda áfram í stjórn.

Magnús Halldórsson og Arnar Þorsteinsson gáfu kost á sér í varastjórn og hlutu kosningu.

8. Kosning félagslegra skoðunarmanna – tveir skoðunarmenn

Heiðrún Hauksdóttir og María Bára Jónatansdóttir gáfu kost á sér og var það samþykkt.

9. Önnur mál

Kosning í sjóviðburðanefnd - sér um að skipuleggja hefðbundin sund:

Í Sjóviðburðanefnd eru kosin Birna Björnsdóttir, Heiða Mjöll Stefánsdóttir, Ingibjörg Ingvadóttir, Magnea Hilmarsdóttir, Magnús Halldórsson og Hinrik Ólafsson.

Kosning í skemmtilegu nefndina - sér um ýmsa aðra skemmtilega viðburði:

Í skemmtilegu nefndina bjóða sig fram Berit G Kristjánsdóttir, María Bára Jónatansdóttir, Aðalbjörg Sif Kristinsdóttir og voru þær kosnar.

Kosning gjaldkera:

Magnea Hilmarsdóttir býður sig fram og er kosin.

Ákvörðun félagsgjalda. Rætt um árgjald hve hátt það þurfi að vera og hvaða fríðindi sé hægt að hafa innifalið í því. Einnig talað um hvernig hægt er að verðlauna fólk sem aðstoðar við sund.

Árgjald ákveðið 6.900 kr á hvern félagsmann árið 2024.

Fossvogssund frítt fyrir félagsmenn en 7.000 kr fyrir aðra.
Synt til Viðeyjar gjald 2.500 kr fyrir félagsmenn en fyrir aðra 10.000 kr
Gjöld fyrir Víðavatnssund og aðra viðburði verður tekið fyrir á fundi sér.
Áætlaðar dagsetningar sunna: Fossvogssund fyrra 18. júní, Fossvogssund
seinna 13. Ágúst, Víðavatnssundið 11. Eða 18.júlí, Synt út í Viðey 23.ágúst.

Félagið er nú formlega aðili að ÍBR eftir langt og strangt umsóknarferli.
Félagsmenn vilja aðstöðu til að halda námskeið, fundi og ýmislegt annað
fyrir félagsmenn. Í dag er aðstaða félags engin og brýn þörf að leysa það
mál. Félagið hefur verið á hrakhólum með alls kyns varning sem tengist
viðburðum félagsins.

Félagið er í sífelldum vexti og þarf að bæta við sig ýmsum vörum og
öryggisbúnaði fyrir komandi framtíð..

Formaður gefur orði laust:

Snorri vill skoða samtal við önnur sjóböðsfélög á landsbyggðinni um staði og
kortlagningu öruggra sjóbaðstaða. Og í því sambandi rætt um að stofna
fræðslunefnd sem héldi utan um flotta staði.

Fundi slitið kl 21:00

Fyrir hönd stjórnar SJÓR Sund- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur
Reykjavík 19.03.2024